

Frá tengilið við Færeyjasvæði.

Það er ekki hægt að segja annað en að tengiliður við Færeyjasvæði hafi haft nóg að starfa og allt mjög ánægjulegt starf. Fyrst var það þýðing á fræðsluefni yfir á dönsku og jafnframt lagði ég mikla áherslu á að kynnast þeim Færeyingum sem komu á þingið á Höfn. Þar hitti ég m.a. Elínu svæðisstjóra og erum við báðar ákveðnar í því að koma á góðum og miklum samskiptum á milli landanna. Eins og fram hefur komið hefur Elín unnið frábært starf við það að þýða efni yfir á færeysku.

Ég átti þess kost að sitja fyrstu svæðisráðstefnu Færeyjasvæðis og greinilegt er að þar er öflugt starf og miklu öflugra en ég hafði gert mér hugmyndir um. Fékk ég fyrsta flokks móttökur og var ferðin í alla staði mjög ánægjuleg en endaði reyndar með 10 klukkustunda bið á flugvelli í Vágur og lendingu á Reykjavíkflugvelli í 40 m/sek. En hvað leggur maður ekki á sig fyrir málstaðinn?

Ég hlakka til áframhaldandi samstarfs við Færeyjar, en þar er mikil vinna fyrir höndum og ótrúlegustu hlutir sem hafa verið óljósir hjá Færeyingum, t.d. vissi Elín ekki að það biði hennar mappa með gögnum á umdæmisþingingu (reyndar á íslensku) því það hafði einfaldlega enginn upplýst hana um það. Ég hef lofað því að það verður ekki klikkað á smáatriðunum framvegis og heldur ekki þeim stóru. Sumir hugsa kannski að þau ættu bara að bera sig eftir hlutunum en þegar maður veit ekki að hverju maður á að spyrja þá er fátt um svör líka.

Bara til að taka dæmi, þá get ég nefnt þennan umdæmisstjórnarfund en ég ákvað að leggja í þá vinnu að þýða skýrslur fundarmanna yfir á dönsku, en þá höfðu þær reyndar ekki borist allar til umdæmisritara þrátt fyrir að kominn væri 24. nóvember, svo ekki náðist að þýða nema hluta. Að vísu komst Elín svo ekki hingað vegna veðurs, en ef hún sæti þennan fund og eingöngu með efni á íslensku þá hefði hún engu að skila til síns svæðis. Á sama hátt hef ég þýtt hennar skýrslu yfir á íslensku, en gerði það reyndar áður en ljóst var að hún kæmist ekki sjálf og myndi þá ekki lesa hana hér á fundinum á færeysku.

Gleymum því ekki að þrátt fyrir að Færeyjar eru ekki að höfðatölu stór hluti af íslensk – færeyska umdæminu þá eru þau hluti af því og við þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að þau nái að fylgjast með því sem er að gerast hverju sinni.

Ragnar Örn á hrós skilið fyrir að útnefna sérstakan tengilið við Færeyjasvæði til að koma á góðum samskiptum og ég vil um leið þakka fyrir það traust sem hann sýnir mér með því að fá að takast á við þetta verkefni.

Emelía Dóra Guðbjartsdóttir
Tengiliður við Færeyjar.